

Mál nr. 119/2017
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar launþega

Starfsmaður meiddist þegar hann tók upp kassa 24.11.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 4.4.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-13.
2. Bréf V dags. 2.5.2017 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Málsatvik.

M lýsir atvikum með þeim hætti í málsskoti að hann hafi verið að aðstoða viðskiptavin við að ná profukössum úr gámi og skriðið á fjórum fótum inn í gáminn og lyft upp kassa, en þá runnið til og fengið hnykk í bakið og fundið smell í mjóhryggnum. M segir að umræddur kassi, sem sé venjulega 30 kg, hafi verið tæplega 90 kg. M telur engum vafa undirorpið að hann hafi orðið fyrir slysi skv. skilmálum slysatryggingar launþega enda hafi hann fengið áverka á bakið þegar hann rann til og fékk hnykk á bakið. M vísar auk þess til þess að miða eigi upphaf ársfrests 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga varðandi tilkynningu um atvikið í fyrsta lagi við 3.11.2015 þegar M leitaði á nýjan leik til nafngreinds læknis vegna áframhaldandi verkja þrátt fyrir meðferð hjá sjúkráþjálfara.

V hafnar bótaskyldu og telur að M hafi ekki orðið fyrir slysi í umrætt sinn skv. skilmálum í slysatryggingu launþega og telur að meiðsl M verði ekki rakin til utanaðkomandi atburðar heldur sé um innri meiðsl að ræða sem rakin verði til rangrar beitingar og/eða ofreynslu og álags. V vísar til þess að í samtímagögnum vegna atviksins komi fram að M hafi verið að lyfta þungri fiskblokk þegar hann fann fyrir verk í baki og leiðni niður í hægri fót og það hafi ekki verið fyrr en í umboði til lögmanns M og tilkynningu til V dags. 7.7.2016, sem að lýsing á atvikinu breytist en þá hafi M átt að hafa runnið til þegar hann lyfti þungum kassa og fengið hnykk á bakið. V telur að frekar eigi að byggja á lýsingu M á atvikinu fljótlega eftir að atvikið átti sér stað en síðari tíma lýsingu á atvikinu. Þá vísar V til þess að tjónsatvikið hafi átt sér stað 24.11.2014, en fyrst hafi verið tilkynnt um það til V 16.8.2016. V bendir á að M hafi leitað til læknis 27.11.2014 og lýst þar máttarminnkun í hægri fæti og verkjum og 1.4.2015 hafi M aftur leitað til læknis og lýst þar að hann teldi hægri fóturinn styttri eftir atvikið og telur V að á fyrri tímapiðnum, eða 27.11.2014 hafi M mátt vera ljós atvik að baki kröfu sinni og árstilkynningafrestur til félagsins hafi þá verið liðinn þegar tilkynning barst til V 16.8.2016.

Álit.

Af fyrstu lýsingu M á atburðinum 24.11.2014, sem leggja verður til grundvallar, verður ekki ráðið að M hafi orðið fyrir slysi, heldur megi frekar rekja líkamstjón hans til innri veikleika í líkama hans skyndilegs utanaðkomandi atviks. Engin gögn liggja fyrir í málinu sem sýna eða leiða líkur að því að M hafi runnið til í umrætt sinn þegar hann var að lyfta kassanum í umrætt sinn eða að líkamsmeiðsl hans séu vegna utanaðkomandi atburðar í skilningi vátryggingarskilmála V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 30.5.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.